



**104. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
þriðjudaginn 20. maí 2014, kl. 16:00.**

Ágúst Þór Bragason ritaði fundargerð í fjarveru bæjarstjóra. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð:
 - a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu bs.
 2. Árbakkinn
 3. Bréf frá Fræðsluþjónustu Skagafirðinga og Fræðsluskrifstofu A-Hún. frá 5. maí 2014
 4. Útimarkaður á Blönduósi
 5. Erindi frá stjórn Kirkjugarðs Blönduós
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. **a) Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. bs. frá 22. apríl 2014.**

Lögð fram til kynningar.

2. **Árbakkinn**

Lagt var fram erindi Bryndísar Sigurðardóttur og Birnu Sigfúsdóttur sem óska eftir viðræðum um kaup á húsnæði Árbakkans að Húnabraut 2 undir rekstur kaffihúss allt árið. Afgreiðslu þess er frestað. Bæjarráð samþykkir að auglýsa Húnabraut 2 til sölu með fyrirvara um afhendingu hússins frá núverandi leigutaka.

3. **Bréf frá fræðsluþjónustu Skagafirðinga og Fræðsluskrifstofu A-Hún.**

Lagt var fram afrit af bréfi til heilbrigðisráðherra þar sem lýst er þungum áhyggjum vegna slæmra horfa í gerðheilbrigðismálum barna og unglinga á Norðurlandi á vegum FSA. Í erindinu er þess farið á leit við ráðuneytið að leitað verði allra leiða til að viðhalda þessari góðu þjónustu.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið bréfitara og hvetur til úrbóta.



4. Útimarkaður á Blönduósi

Lagt fram erindi Jón Aðalsteins Sæbjörnssonar f.h. Laxasetursins ehf. þar sem lýst er hugmynd að uppsetningu útimarkaðar sem varð til í hugmyndasmiðju um eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Fram kemur í erindinu að heppilegast væri að staðsetja markaðinn við Laxasetrið. Leitað er eftir aðkomu Blönduósarbæjar við fjármögnun stofnkostnaðar að upphæð 2.190.000 sem felst í efniskostnaði við byggingu smáhýsa, borða og girðingar við markaðssvæðið.

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um 300.000 krónur sem nemur kostnaði við girðingu. Þá samþykkir bæjarráð að leggja til efniskostnað í eitt hús að upphæð 300.000 krónur enda verði húsið eign Blönduósarbæjar. Framlöggin eru háð því að verkefnin verði unnin sumarið 2014. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 600.000 krónur sem er fjármagnað af eigin fé Blönduósarbæjar. Oddný María Gunnarsdóttir óskaði eftir að fram komi að eðlilegra væri að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar 2015.

5. Erindi frá stjórn Kirkjugarðs Blönduóss.

Lagt fram erindi stjórnar Kirkjugarðs Blönduóss þar sem óskað er eftir styrk til malbikunar á aðalstígg Kirkjugarðsins. Áætlaður framkvæmdakostnaður er 1.755.000 krónur en verkefnið hefur hlotið styrk frá Kirkjugarðaráði. Óskað er eftir framlagi frá Blönduósarbæ að upphæð 455.000 krónur.

Bæjarráð samþykkir að styrkja framkvæmdina og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 455.000 krónur sem er fjármagnað af eigin fé Blönduósarbæjar.

6. Önnur mál

a) Kynntar voru niðurstöður úr lokuðu útboði á jarðvegsskiptum í Aðalgötu.

Framkvæmdakostaður var áætlaður 9.980.000 krónur. Tvö tilboð bárust:

i. Júlíus Líndal ehf. 8.263.027 krónur – 83% af kostnaðaráætlun.

ii. Sorphreinsun VH ehf
og Ósverk ehf. 8.773.690 krónur – 88% af kostnaðaráætlun.

Bæjarráð samþykkir að semja við lægstbjóðenda um verkið.

b) Lagt fram erindi frá Sveini M. Sveinssyni f.h. +Film þar sem hann býður Blönduósarbæ að kaupa kynningarefni til birtingar af svæðinu. Bæjarráð er áhugasamt um verkefnið og samþykkir að skoða það nánar.

Fleira var ekki bókað og fundi slitið 17:30

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign)